

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Norður-Nýjabæjar, nýrrar íbúðarbyggðar.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun staðfesti 16. apríl 2026 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. mars 2026.

Í breytingunni felst að 25 ha landbúnaðarland á hluta landareignar Norður-Nýjabæjar verður skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB38 þar sem heimilaðar eru 16 íbúðarlóðir og 1 þjónustulóð. Íbúðarlóðir eru um 1,1 ha að stærð og heimilt verður að reisa íbúðarhús, gestahús og hesthús eða geymslu á einni hæð eða allt að 6 hús á lóð. Einnig er heimilt að reka gistiþjónustu fyrir allt að 10 gesti á lóð og dýrahald er leyfilegt. Þjónustulóðin er 3,4 ha að stærð, sem nýtist sem þjónustureitur fyrir hverfið, en hús geta verið á 1-2 hæðum. Nýtingarhlutfall allra lóða á svæðinu er 0,05.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 16. apríl 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 4. maí 2026